

Baldur Þórhallsson

2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Digital 4K

© Krumma films ehf.

Já. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Þetta er byrjað að rúlla bara já.

Þegar ég kem úr eða frá. Þegar ég kem úr námi frá Bretlandi sumarið 1998 og fór að kenna sem stundakennari við Háskóla Íslands þá vakti það athygli mína að það voru ekki nein samtök samkynhneigðra stúdenta við háskólann eins og var að finna í flest öllum breskum háskólum. Þessi samtök erlendis voru í rauninni mjög virk og mjög áberandi. Og ekki bara var lítil virkni meðal samkynhneigðra stúdenta. Það mátti telja á fingrum annarar handar þá háskólakennara sem voru út úr skápnunum. Í rauninni vissum við bara um einn en einhverjir voru sem sögðust sjálfir vera í glerskápnunum en það fór ekki mikið fyrir þeim. Þannig að við Felix ræddum heilmikið á þessum tíma um mikilvægi þess að stofna svona hreyfingu stúdenta til að berjast fyrir réttindum samkynhneigðra. Og svo er það þarna um haustið, haustið 1998 að við kynnumst nokkrum samkynhneigðum stúdentum, nokkrir voru að hefja nám við stjórnmálafræði þar sem ég var að kenna og um haustið byrjum við að hittast svona óformlega og ræða þessa hugmynd að stofna hreyfingu homma og lesbía við Háskólann bara til þess að vinna að réttindamálum. Á sama tíma er Felix að vinna að því að setja upp leikrið *Hinn fullkomni jafningi* sem sett var upp síðan í janúar 1999 og hann fékk stúdentahreyfinguna til þess að vinna með sér að þessu og þessa stúdenta sem við höfðum kynnst við Háskólann. Svo að við hittumst reglulega allt haustmisserið og ræddum þann möguleika að stofna félag samkynhneigðra stúdenta og sitt sýndist hverjum því að við vissum ekki um mjög marga samkynhneigða við Háskólann, hvorki stúdenta né, né starfsmenn. Og menn voru ekki vissir hvort það væri óhætt að láta á þetta reyna, hvort einhver myndi mæta á svona stofnfund. En við slógum engu að síður til og boðuðum til stofnfundar í janúar 1999 og okkur fannst vel til hafa tekist því það mættu yfir tuttugu manns og voru að koma nemendur alls staðar að úr Háskólanum og sumir notuðu meira að segja tækifærið þennan dag og komu út úr, út úr skápnunum. Og þetta í rauninni gekk svo vel á fyrstu vikunum, við gerðum dálítið með að setja upp heimasíðu sem var þá kannski eitthvað svona ný, nýtt fyrirbrigði hér á landi, að ef ég man þetta rétt þá að tveimur mánuðum liðnum voru orðnir yfir 200 félagar í samtökunum, Félag samkynhneigðra stúdenta, FSS, og ekki bara úr Háskólanum heldur líka úr Kennaraháskólanum og öðrum háskólum á landinu, við höfðum opið fyrir, fyrir alla.

FSS var sko fyrst til að byrja með mjög mikilvægur vettvangur einfaldlega fyrir homma og lesbíur í Háskólanum, nemendur, til þess að hittast og kynnast hvert öðru. Þetta var svona fyrir tíma samfélagsmiðlanna þar sem að menn gátu hist á netinu. Og einfaldlega leiddi til þess að stúdentar úr öllum kimum Háskólans, mismunandi fræðigreinum voru að hittast og vissu af hver öðrum, og veittu hver öðrum styrk. Og ég man það strax þarna í, í janúar '99, þetta vakti þónokkra athygli í, í, í fjölmiðlum og það var tekin til dæmis mynd af fyrsta hópnum sem stofnaði, stofnaði samtökin og þetta vakti athygli að það væru allt í einu komnir tuttugu stúdentar sem að væru að tala fyrir réttindum samkynhneigðra. Menn höfðu ekki séð svona vettvang áður en fram að þessum tíma höfðu Samtökin 78 verið kannski einu svona samtökin sem voru málsvavarar samkynhneigðra og að berjast fyrir mannréttindum samkynhneigðra. Þannig að þetta skipti verulega miklu málivarðandi sýnileika og bara stuðning, stuðnings okkar við hvert, við hvert annað. En á þessum tíma, þá 1999 og 2000, 2000 var mikið í umræðunni að, hvort samkynhneigðir mættu ættleiða börn. Þarna er rétt áður búið að heimila staðfesta samvist en í þeirri löggjöf var samkynhneigðum hvorki heimilt, hvorki að stjúptættleiða börn eða að ættleiða börn. Og, og þessi barátta var svona í, í, í farvatninu og við ákváðum strax að félagsskapurinn, Félag samkynhneigðra stúdenta yrði í rauninni pólitískur vettvangur, yrði pólitískt samband, samtök og mundu vinna að réttindabaráttu lesbía og homma. Og við tókum því höndum saman með fræðimönnum uppi í Háskóla og stóðum fyrir sko hálfsmánaðarlegum fyrirlestrum strax þarna um vorið '99 og aftur, aftur um haustið til þess einfaldlega bara að sýna almenningi fram á þær rannsóknir sem höfðu verið gerðar um samkynhneigða og samkynhneigðir væru nú bara eins og fólk væri flest. Það væru nú flestir í þeim hópi eiginlega bara í lagi eins og aðrir. Og þetta skipti verulega miklu máli og ég man það að þessir fyrirlestrar voru mjög vel sóttir. Það voru þetta um 50-100 manns að sækja fyrirlestra hálfsmánaðarlega þetta, þetta árið, og líka í rauninni að fá alla þessa fræðimenn til liðs við okkur og gera þetta innan vettvangs Háskólans það skiptir máli, það skiptir máli og náðum þannig að taka réttindabaráttuna að ég held á næsta, næsta skref og fengum mun fleiri til liðs við okkur heldur en höfðu kannski verið í baráttunni. Síðan í rauninni ákváðum við að einblína á það að reyna að fá í gegn að samkynhneigðir mættu ættleiða börn. Það höfðu ákveðnir þingmenn á Alþingi verið að vinna að því en ekki orðið mikið ágengt þannig að þarna á haustdögum, okkur í þetta verkefni og ég man það að í, ég gerði lítið annað í þrjá mánuði en að vinna, vinna að þessu. Í rauninni að ýta á þingmenn og

þingheim að styðja það að samkynhneigðir mættu ættleiða börn en róðurinn var nokkuð þungur. Þegar við byrjuðum á þessari vegferð var alveg ljóst að við vorum ekki, það var ekki meirihluta stuðningur fyrir því að samkynhneigðir mættu ættleiða börn í Allsherjarnefnd Alþingis sem var með frumvarpið til, til umræðu sem þingmenn höfðu lagt fyrir þingið. Þannig að við lögðum allt kapp á það að fræða þingmenn og náttúrulega almenning í landinu um, það að samkynhneigðir væru bara eins uppalendur eins og fólk er flest og ekkert mikið frábrugðnir öðrum. Það var kannski helsta okkar vandamál má segja að þær rannsóknir sem við höfðum safnað saman sýndu ef eitthvað var sko að samkynhneigðir foreldrar væru betri uppalendur heldur en gagnkynhneigðir út frá því, út frá því að börn þeirra væru mun umburðarlyndari í garð annarra minnihlutahópa og samkynhneigðir væru, svona væru, væru, tryggðu það að, að börnin væru svo kurteisari og það væri, væri svona meiri agi á börnunum heldur en kannski í öðrum, annars staðar. Þannig að, en, en það skipti verulega miklu máli að vinna að þessu. Svo ef við snúum okkur að þá þessari svona hagsmunagæslu varðandi þingið þá gekk nú mikið á og við lögðum mikið áherslu á, mikla áherslu á að fá þingmenn á þessa fyrirlestra fræðimanna við Háskólann til þess að reyna að uppfæra þá um, um samkynhneigð og að samkynhneigðir væru í lagi sem uppalendur eins og bara fólk væri, væri flest. En það voru nokkur skemmtileg samtök, samtöl sem að maður átti við þingmenn á þessum tíma og það er eiginlega ógleymanlegt eitt símtalið sem ég átti við þáverandi starfandi, starfandi formann Allsherjarnefndar Alþingis en við áttum símtal eins og við höfðum oft átt á þessum tíma og í símtalinu sagði ég við hana eitthvað á þá leið að það væri nú einfaldlega bara þannig að sko lesbíur væru bara að bjarga sér sjálfar heima, í heimahúsum og væru að eignast börn. Og þá spurði hún í forundran: Og hvernig fara þær að því? Ég sagðist nú ekkert vilja fara út í það nákvæmlega [hlær] hvernig lesbíurnar færu að því að eignast börn á sínu eigin, eigin spýtur en þetta væri hins vegar staðreynd og það væri fullt af börnum að alast upp hjá lesbíum og hömum og við þyrftum að tryggja réttarstöðu þeirra til þess að leyfa til dæmis stjúpættleiðingar og ættleiðingar almennt. Og þá, þá sagði hún í símann svona nokkuð hastarlega: En gera þessar konur sér grein fyrir því að þetta er ólöglegt? [Hlær] Og hvernig svarar maður svona? Maður getur ekki brugðist reiður við, þá er maður kannski búinn að tapa þingmanninum frá sér þannig að það verður bara eiginlega að halda, anda djúpt og reyna að halda áfram að útskýra. En þessari konu má þó hrósa fyrir það að hún breytti um afstöðu og studdi okkur að lokum til þess að fá stjúpættleiðingar í gegn. En þessi þrýstingur í rauninni

frá stúdentum og það að stúdentar í raun og veru voru svona í forsvari fyrir þessu og, og skrifuðu mikið í blöð og létu heyra frá sér um það að það væri mjög mikilvægt að tryggja áframhaldandi réttindabaráttu, að samkynhneigðir ættu að fá að ættleiða börn það skipti verulega miklu máli og fá svona stærri og breiðari hóp til þess að halda fram, halda fram málstaðnum. En eigi að síður var það nú bara þannig og það er ekki mjög langt síðan, að við náðum ekki öllu fram sem við vildum, vegna þess að við náðum ekki fram fullri ættleiðingu því að þingmenn voru ekki tilbúnir að fallast á það heldur var, voru þeir eingöngu tilbúnir að fallast á það að, að samþykka stjópættleiðingar þannig að maki mætti ættleiða, eða maki mætti ættleiða börn hins aðilans. Og það var eina sem þingheimur var búinn, tilbúinn að fallast á og ég man eftir þingfundi á Alþingi langt fram undir morgni þar sem við sátum í reykmettuðum bakherbergjum og vorum að reyna að fá þingmenn til að tryggja fullar ættleiðingar en okkur var gerð skýr grein fyrir því að sú tillaga yrði felld á þinginu, á þingfundi rétt fyrir jól og við yrðum að fallast á þessa málamiðlalausn sem var stjópættleiðingar og við gerðum það til þess að, og fylgdum þannig í rauninni eftir, í rauninni stefnu Samtakanna sem hafði verið að vinna þessi mál skref fyrir skref og reyna að gera það í sátt frekar heldur en að, að fá þingheim og kannski ríkisstjórn á, á móti okkur. En á þessum tíma þá voru þónokkrir þingmenn sem að studdu okkar málstað en það var helst sko dómsmálaráðherra á þessum tíma sem stóð í vegi fyrir því að þetta frumvarp næði fram en hún var algjörlega mótfallin því að í rauninni að samkynhneigðir bæði fengju að stjópættleiða og ég tala nú ekki um bara ættleiða börn. En Allsherjarnefnd Alþingis, það má segja henni til hróss að hún fylgdi ekki skýrum skilaboðum dómsmálaráðherra hvað þetta varðaði og samþykkti að samkynhneigðir mættu stjópættleiða börn. Og það fór í gegnum þingið að lokum.

Sko, ég nefnilega þori ekki alveg, hvort þetta er '99 eða 2000. Ég get flett því upp.

Já, sko þessi mál voru í umræðunni og það, það, Samtökin og aðrir höfðu verið að vinna að því að fá þingheim til þess að samþykka að samkynhneigðir mættu ættleiða börn og auðvitað líka tengdist þetta því að þarna er ég kominn í sambúð, staðfesta sambúð og við Felix vorum að ala upp tvö börn. Og mér fannst mjög í rauninni mikilvægt að tryggja réttarstöðu þeirra ef eitthvað kæmi fyrir annan hvorn okkar. Þannig að auðvitað tengist þetta því að maður var í rauninni að hugsa bara um velferð

barnanna fyrst og fremst, sinna eigin barna en þó að sjálfsögðu tengdist þetta mannréttindabaráttunni í víðu samhengi.

Það sem gerðist hér síðan, þarna upp úr 2000 er það sem gerist víða í samfélögum þegar samkynhneigðir fara að verða verulega sýnilegir og fara að fá tiltekin réttindi, það er það kemur ákveðið svona bakslag. Að minnsta kosti í hinni almennu orðræðu eða umræðu í samfélaginu. Og það er á þessum tíma fljótlega eftir að FSS er stofnað að það fara að birtast, bara hatursgreinar í garð samkynhneigðra í blöðunum og ákveðnir klerkar í sértrúarsöfnum for náttúrulega fremst í flokki. Og þessi sértrúarsamtök skipulögðu áróðurs, óhróðurs, áróðursherferð gegn samkynhneigðum og þessi hatursorðræða náttúrulega gekk fram af öllu. Og þeir nýttu sér náttúrulega helst Morgunblaðið, eitt af því sem þeir nýttu sér var Morgunblaðið, sem að náttúrulega var opið fyrir almennri umræðu í samfélaginu. Og það var á tímabili að birtust orðið nokkrar greinar þar sem var sko þvílíkur níð í garð homma og lesbía í Morgunblaðinu að manni bara varð ekki um sel. Og vegna hvað við vorum í rauninni í miklum tengslum við mikið af ungu fólki þá sáum við einfaldlega hvað þessi gríðarlega vonda og þessi hatursorðræða hafði mikil áhrif á ungt fólk sem að var að stíga sín fyrstu skref og koma út úr skápnum. Þetta hafði líka áhrif á fjölskyldur þeirra, börnin okkar sem að voru farin að lesa Morgunblaðið lásu þennan níð sem var verið að skrifa þarna um, foreldra þeirra og í rauninni þau sjálf. Þetta var orðið alveg eiginlega svona agalegt og andrúmsloftið á þessum mánuðum var ekki orðið mjög gott. Og ég bara man eftir því sjálfur á morgnana þegar maður var farinn að vakna svona fimm, sex á morgnana til þess að skoða í Morgun-, skoða Morgunblaðið sjá hvað, hvað yrði mikill níður um mann þann dag. Þannig að við í FSS ákváðum að, að svara þessu. Við ætlum ekki að láta kjurrt liggja og við skipulögðum greinaskrif gegn þessari hatursorðræðu og skipulögðum greinaskrif í, í Morgunblaðið og að fá að komast inn ífjölmiðla, Rás 2 og Bylgjuna til þess að halda fram okkar málstað og tala fyrir réttindum samkynhneigðra. Og, en eftir nokkra mánuði þegar mikið hafði gengið á og hvorug fylkingin ætlaði nokkuð að láta á sjá eða, eða gefa eftir og áfram hélt þessi hatursorðræða sem hafði þessi gríðarlega neikvæðu áhrif á alla samkynhneigða og þeirra fjölskyldur, maður var bara á tíma farinn að óttast um líf ungs fólks sem þurfti að lesa þetta níð sem að var verið að, að skrifa um það, þannig að við tókum okkur til hjá samtökunum og vorum, stjórn Félags samkynhneigðra stúdenta, að ganga á fund ritstjóra Morgunblaðsins til þess einfaldlega að biðja þá um að hvort það mætti

ekki bara stöðva þessa umræðu. Hatursumræðan væri gengin svo langt, hvort að það mætti ekki setja bara stopp á þetta. Nú væri komið gott. Og við náttúrulega héldum að við mundum ekki, að á okkur yrði ekki sko hlustað, Morgunblaðið væri alltaf opið fyrir allri umræðu en við áttum þarna fund og við mættum, það voru sjö nemendur sem að mættu með mér á ritstjórnarskrifstofu Morgunblaðsins. Annar ritstjórinn tók á móti okkur og við byrjuðum að bara ræða þessi mál í mesta bróðerni. Hálf tíma síðar kemur hinn ritstjórinn inn og um leið og hann rífur upp dyrnar á fundarherberginu þá segir hann við okkur eða hálf hrópar yfir okkur: Já ég hef nú aldrei mætt á fund áður til þess að ræða kynlíf. Og við náttúrulega verðum bara kjaftstopp en það kannski sýndi aðeins hvernig umræðan gat verið, en við áttum þarna mjög gott spjall við ritstjórana tvo á löngum fundi og að fundi loknum er orðið það ljóst að þeir ætli að setja skorður þessari hatursorðræðu sem að var í Morgunblaðinu, rétt eins og Morgunblaðið hafði gert þegar mest var deilt á að leyfa ætti fóstureyðingar í upphafi áttunda áratugarins. Þannig að Morgunblaðið í rauninni bannaði að tiltekin orð og tiltekið níð væri skrifað í þessum greinum í Morgunblaðið. Það mátti ennþá senda inn greinar í Morgunblaðið, tala með eða á móti samkynhneigð en fólk varð að gæta orða sinna og ekki nota þessa gríðarlega miklu hatursorðræðu. Þannig að fyrir þetta erum við auðvitað, vorum við Morgunblaðinu mjög þakklát fyrir þetta, og ritstjórinn sem taldi að hann væri að koma á fund að ræða bara kynlíf, hann þurfti nú að fara rétt áður en fundi var formlega slitið og hann gengur út úr herberginu, þakkar okkur öllum fyrir með handabandi og svo lokar hann dyrunum en nokkrum sekúndum síðar þá rýkur hann, þá opnar hann dyrnar aftur og hrópar yfir okkur og segir: Hvar væru allar heimsbókmenntirnar, hvar værum við öll, hvar værum við öll ef við værum ekki með þessa homma sem væru skáld og rithöfundar [hlær]. Þannig það þetta var nú tengingin við þetta. Þannig að þetta gat nú verið bæði svona grátbroslegt og mjög skemmtilegt að vinna að þessari baráttu.

Nei, það kemur kannski aðeins síðar en kannski aðeins um þetta sko. Sko þegar það verður svona ákveðið bakslag í þessari umræðu eftir að staðfest samvist er samþykkt og stjúpættleiðingar og þessir sértrúarsöfnuðir fara af stað með þessa gríðarlegu hatursorðræðu í garð samkynhneigðra og tefla fyrir sér tilteknum prestum, það sem kannski okkur sárnaði mest var stundum hvernig sumir fjölmiðlar nýttu sér það að fá þessa presta inn til sín til þess að ausa yfir okkur svívirðingum kannski akkúrat dagana sem menn vissu að það var verið að kanna áhorf á fjölmiðlana. Og það var

Þetta sem var eiginlega svona leiðinlegast bara almennt svona velmeinandi fólk í fjölmiðlunum sko leyfði sér að gera þetta. Og svo vildi það etja okkur saman við þessa klerka þannig að við áttum að takast á við þá í fjölmiðlum. Sko bæði Samtökin og við í FSS kannski byrjuðum eitthvað á því að gera það en það var náttúrulega ekki nokkru tauti við þessa menn komandi og þýddi ekkert að ræða við þá þannig að við hættum að mæta þeim þó að sjálfsögðu við mættum öðrum til þess að ræða það sem okkur fannst mikilvægt í stjórnleiðingum og ættleiðingum en ekki á þessum ofsatrúarforsendum. Og það var í rauninni þannig sko að þeir gengu svo langt þessir klerkar að undir lokin var það orðið þannig að því oftast sem þeir komu í fjölmiðlana og því hærra sem þeir öskruðu því sterkari varð okkar málstaður. Það var í rauninni orðið þannig undir, undir lokin að framkoma þeirra í fjölmiðlum hún styrkti réttindabaráttu samkynhneigðra.

Nei akkúrat já, já, já, já, já.

Já sko mikið af þessari baráttu, hvernig getum við orðað þetta sko? Við þurftum að eyða mikilli orku í að glíma við klerka Þjóðkirkjunnar og Þjóðkirkjan hún brást okkur á öllum stigum þessa máls. Hún reyndi ætíð að bregða fyrir Samtökin fóti, og bregða fæti fyrir réttindabaráttu samkynhneigðra. Það var á öllum stigum og hún var alltaf á móti. Fyrst staðfestri samvist, stjórnleiðingunum, ættleiðingunum, að vísu hún gaf alltaf eftir að lokum en hún var alltaf á móti og hún gerði allt sem hún gat og, og, og klerkarnir og biskupinn voru á þingi og voru að tala við þingmenn, hringja í þingmenn og mæta á fundi með þeim til þess að koma í veg fyrir að við fengjum tiltekin réttindi. Bara lagaleg réttindi á við gagnkynhneigða samborgara okkar. Og þetta er náttúrulega helsta ástæðan til þess að hópum, hópar fólks, þúsundir manna, fóru að segja sig úr Þjóðkirkjunni á þessum tíma. Þetta er í raun byrjunin á því að menn fara að yfirgefa Þjóðkirkjuna, Þjóðkirkjuna þannig að hún fór nú ekki vel út úr þessari viðureign. Og auðvitað sárnaði manni þetta. Eitt var að, að, að glíma við einhverja í rauninni bara gallaklerka lítilla sértrúarsöfnuða sko það er nú eitt, en heldur þurfa að glíma við biskupinn yfir Íslandi og þjóðþekkta klerka sem stóðu með honum í þessu máli, það, það sárnaði manni. Það var erfitt. En það þýddi ekkert að, að gefa eftir og það varð bara að taka þennan slag.



Já sko í rauninni frá því að ég kem inn á vettvang Samtakanna og síðan í starfi Félags samkynhneigðra stúdenta þá unnu lesbíur og hommar alla tíð mjög vel saman. Og það, þannig að eftir að ég kem inn á vettvang þessarar hreyfingar þá var aldrei togstreita á milli þessara tveggja hópa ef við eigum að telja þá aðskilda, aðskilda hópa og menn unnu þetta bara einfaldlega í, í samvinnu. Að vísu voru hommarnir dálítið meira kannski áberandi heldur en lesbíurnar eins og í mörgu félagastarfi á þessum tíma og það náttúrulega endurspegladi meira bara samfélagið í heild sinni frekar en, en, en Samtökin og einhvern ágreining á milli lesbía og homma sem var ekki þarna til staðar þegar ég var á vettvangi samtakanna. Eða ég missti að minnsta kosti af þessu sko. Já.

Sko á þessum tíma þegar ég er að starfa á vettvangi Samtakanna og innan FSS, þá voru, var þetta bara félagsskapur lesbía og, og homma, kannski voru einhverjir tvíkynhneigðir þarna líka með í hópnum en þeir voru mjög fáir. Sko aðrir kannski svona hinsegin hópar voru einfaldlega ekki komin út úr sínu, sínum skápum þannig að þessi togstreita sem nú er í dag innan Samtakanna var ekkert til staðar þá og það er náttúrulega mjög sérkennilegt það sem núna kannski ber við að menn eru að gagnrýna Samtökin og kannski FSS fyrir að hafa ekki verið að sinna þessum hópum á sínum tíma. Það var einfaldlega bara þannig að það var enginn að koma út með annars konar hneigðir heldur en bara að konur væru hrifnar af konum og karlar væru hrifnir af körlum. Þessir hópar voru meira og minna ósýnilegir á þessum tíma og því í rauninni ekki hægt að vinna að réttindabaráttu þeirra.

Það var þegar við stofnuðum FSS, það var gríðarlega mikill stuðningur sem við fengum úr háskólasamfélaginu. Við fengum stuðning frá mörgum kennurum við Háskólans, Háskólann en svona flestir þeir sem að voru samkynhneigðir starfsmenn Háskólans, þeir héldu sig til hlés. Þeir sögðu sjálfir að þeir væru inni í svona glerskáp, vildu ekki koma mikið fram og maður verður bara að virða það við þá en það náttúrulega var, vakti athygli mína þegar ég byrja fyrst að kenna við Háskólann nýkominn úr námi frá Bretlandi að ég held að það hafi verið einn akademískur starfsmaður sem við vissum um að væri út úr skápnum. Hann var einn. Sko í breska háskólasamfélaginu sko þar gátu einmitt samkynhneigðir, lesbíur og hommar, fengið að blómstra og höfðu fengið að blómstra undanfarna áratugi. Hér var þetta menntasamfélag bara ennþá einfaldlega lokað og hafði ekki treyst sér til þess af mörgum ástæðum að koma út úr skápnum. Það var líka þetta sem að við vildum

breyta. Þetta náttúrulega gekk ekki, við vorum mörgum áratugum á, á eftir nágrannalöndum okkar hvað þetta varðar. Er þetta ekki ágætis punktur? Held það nefnilega, þetta var, það var bara Matthew muniði, Matthew í enskunni sko, það var bara hann sko og, já.

Svo vissum við náttúrulega af fleirum sko en það var bara. U, já þetta var góð spurning að fara aðeins yfir þetta til að taka kannski svona andrúmsloftið sko, hvernig andrúmsloftið var. Aðeins kannski meira um FSS sko að sem sagt sko að félagsskapurinn, Samtök samkynhneigðra stúdenta, voru mjög virk fyrstu, fyrstu árin, gríðarlega sterka hópa öflugra stúdenta sem lögðu mikið á sig að vinna fyrir málstaðnum og þeir komu úr öllum kimum háskólasamfélagsins, úr, frá, öllum, öllum greinum. Og það skipti verulega miklu máli að sýna þessa breidd. Það þykir kannski undarlegt í dag en það skipti máli að þegar við vorum að tala fyrir okkar málstað að við gátum kynnt stúdenta sem voru í námi í lyfjafræði, voru í námi í verkfræði, voru í námi í stjórnmálafræði og í lögfræði og læknisfræði og menn bara ráku upp stór augu að það væru bara stúdentar, samkynhneigðir stúdentar í öllum þessum fræðigreinum. Ég veit ekki hvar fólk hélt að við værum en þetta vakti athygli því að menn höfðu ekki komið...

... það var út af einhverju samkynhneigðu einhverju mörgum árum síðar. Þeir voru að halda því fram prestarnir að kirkjan hefði alla tíð verið fylgjandi að konur yrðu, það mætti vígja konur. Geir Waage hélt því fram í Morgunblaðinu. Hún hefði alla tíð verið því fylgjandi. Þá gróf ég upp gamlar greinar sem að Geir Waage hafði skrifað þar sem hann var að mótmæla því að það ætti að vígja konur. [Hlær] Hann hafði þá skrifað um það sjálfur. Algerlega, algerlega og í guðanna bænum reynið að halda þessu til haga með hana Sólveigu Pétursdóttur.

... fram, fram áður, nema náttúrulega bara á vettvangi samkynhneigðra bara berjast beint fyrir mannréttindabaráttunni sinni, en við reyndum að tengja þetta bara við það sem við vorum að gera og að við værum bara manneskjur af holdi og blóði og ættum bara rétt á sömu mannréttindum og samborgarar okkar. Já já sko þetta tengdist, þetta var, já sko í raun, það var alveg, vegna þess að þetta tengdist alveg, og í rauninni þessi saga líka sem ég var að segja þarna um, um, um, um, um starf formanns Allsherjarnefndar sko, tókum þetta aðeins sko, tókum aðeins þar sko, skulum sjá hvort

Þið klippið þetta inn eða svoleiðis. Það var, það var einfaldlega þannig á þessum tíma, það var fjöldi fólks sem taldi það ótækt að börn væru að alast upp hjá lesbíum og hommum og taldi lesbíur og homma bara miklu verri uppalendur, kannski bara stórhættulega uppalendur og það var það, þetta viðhorf sem við þurftum að glíma við og var ekki enda auðvelt að breyta. Til dæmis í, í, í skólakerfinu þegar við Felix, eftir að við Felix byrjuðum saman þá földum við það ekki fyrir neinum og við töluðum um okkar fjölskylduaðstæður við kennara barnanna okkar og það var nýtt fyrir mörgum kennurum. Auðvitað höfðu börn homma og lesbía verið í skólanum áður en menn höfðu ekkert verið að ræða það eða ræða þessar heimilisaðstæður við starfsmenn skólanna eða skólayfirvöld og þar af leiðandi kannski var ekki hægt að bregðast við ef það var einhvern tímann einelti eða verið að tala illa um lesbía og homma, homma. Vandamálið var kannski það að börnin voru ekki lögð í einelti, það snerist ekki um það heldur var kannski þessi neikvæð umræða stundum og oft á tíðum kannski um lesbíur og homma og það er náttúrulega mjög mikilvægt til dæmis að kennarar grípi inn í þá neikvæðu umræðu ef hún á sér stað. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvernig börnum líður, börnum sem eru annað hvort bara samkynhneigð eða alast upp hjá lesbíum og hommum þegar er verið að tala illa um lesbíur og homma og það þarf náttúrulega að ræða þetta og skiptir verulega miklu máli. Þannig að þessi sýnileiki skipti verulega miklu máli og bara þessi grundvallar barátta sem við reyndum að sýna fram á að ætti rétt á sér og með því bara að sýna fram á rannsóknir og gögn um að við værum eins uppalendur eins og aðrir.

[Um helstu bandamenn á þingi]

Bíddu nú við, það voru Ólafur Haraldsson, já Einar K. Guðfinnsson já, á þessum tíma, við vorum að berjast fyrir ættleiðingum og svo stjúpættleiðingum, þá var hann Ólafur Haraldsson þingmaður Framsóknarflokksins okkar dyggasti stuðningsmaður og ef ég man rétt þá sat hann nú í Allsherjarnefnd á þeim tíma. Einar Kr. Guðfinnsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins var líka mikill stuðningsmaður réttindabaráttu samkynhneigðra alla tíð og síðan voru líka komnir nýir þingmenn inn á þing eins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem studdi réttindabaráttu, réttindabaráttuna. Þetta skipti verulega miklu máli og, og svo voru náttúrulega þing, svona í vinstri flokkunum, þeir voru miklu líklegri til að taka upp okkar málstað og tala fyrir honum heldur en kannski aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokks, þingmenn Sjálfstæðisflokks og

Framsóknarflokks. Að vísu með þessum mikilvægu undantekningum sem ég var að nefna.

Já ég er náttúrulega að gleyma. Ég er að gleyma, ég þarf að, tókum þetta aftur ég verð að nefna hana Guðrún Ögmundsdóttur, já, já, já, já, já. Já sko þessir þingmenn. Þegar við erum að vinna að þessari réttindabaráttu að fá stjórnleiðingar og ættleiðingar í gegn voru margir bandamenn inni á þingi svona í mið, vinstri flokkunum en það voru þingmenn í öllum flokkum sem að studdu réttindabaráttunua og þeirra stuðningur skipti sköpum. Þeir komu málinu á dagskrá þingsins. Og það má t.d. nefna Ólaf Haraldsson Framsóknarmann, Einar K. Guðfinnsson úr Sjálfstæðisflokki og Guðrúnu Ögmundsdóttur úr Samfylkingunni. Svo voru líka að koma þarna að nýir þingmenn eins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Stuðningur þessara og annarra skipti sköpum en erfiðast var á þessum tíma að glíma við dómsmálaráðherrann sem virtist vera algerlega mótfallinn því að samkynhneigðir ættu að fá að ala upp börn. Og þetta snerist í rauninni bara um það að, hjá stjórnvöldum, að mér fannst það sko stýra hvernig fjölskyldur yrðu til á Íslandi. Hér áttu fjölskyldur í rauninni að mati sumra ráðamanna að vera bara einsleitar þar sem væri helst bara karl og kona, helst tvö börn og bíll og kannski gæludýr, menn áttu að vera hvítir og íslenskir, önnur fjölskyldumynstur voru ekkert vel séð. Átti bæði við um, um þegar tveir karlmenn bjuggu saman og tvær konur og jafnvel, jafnvel einstæðir foreldrar því inn í þessa baráttu tengdist líka réttindi kvenna til þess að fara í tæknifrjógvun en á þessum tíma var konum sem einstaklingum bannað að fara í tæknifrjógvun, þær urðu að vera giftar karlmanni til þess að geta farið í tæknifrjógvun. Og, þessi, þetta blandaðist inn í baráttu hjá okkur og við unnum að henni samhliða til þess að fá að stjórnleiða og ættleiða börn. Og það var ekki síður mikil andstaða við að konur sem einstaklingar fengju tæknifrjógvun frekar en að lesbíur og hommar mættu fá að ættleiða börn. Það var þessi stýring á fjölskyldugerðinni sem átti bara að vera eftir þessu mynstri eða hugarheimi þessa fólks hvernig fjölskyldur það vildi að ættu að vera til í samfélaginu. Og ég hitna sko [hlær].

Já, er ekki ágætt að taka þetta inn sko, maður fer að hugsa sko já. Ertu með viðtalið við hann þarna, ég vissi þú varst að, ætlaðir að ná í það þegar ég er hjá honum Heimi. Þegar ég fer, ég var í, ég fer dálítið harkalega í Sólveigu Pétursdóttur.

Þetta er 2000, 2001, eitthvað svoleiðis sko. Já, ég held það sé, já, já, tökum aðeins þetta sko.

Það sem við gátum svo aðeins leyft okkur hjá Félagi samkynhneigðra stúdenta, við gátum leyft okkur að vera aðeins róttækari og ákveðnari og við höfðum meiri hörku heldur en Samtökin '78. Samtökin '78 þurftu náttúrulega að vera dálítið diplómáttisk í sinni nálgun og sinni réttindabaráttu inni á þingi, við gátum verið róttæka stúdentahreyfingin sem gat látið heyra í sér og við gátum sko miklu frekar skammað stjórnámálamennina til þess að reyna að fá þá til fylgis við okkur og við nýttum okkur þetta óspart, að vera svona róttæka stúdentahreyfingin sem gat látið í okkur heyra, þess vegna hikuðum við ekki við til dæmis að fara í dómsmálaráðherrann, Sólvéigu Pétursdóttur, þegar okkur fannst á stundum að hún vildi alls ekki að samkynhneigðir mættu ala, ala upp börn, hvorki stjúpættleiða börn né ættleiða björn, börn eða að konur sem einstaklingar mættu fara í tæknifrjógvun. Þannig að við hikuðum ekki við á þennan, á svona, þennan, þennan máta og það var náttúrulega ekkert endilega til vinsælda fallið hjá öllum. Ég man eftir símtölum sem ég fékk frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem voru vinir mínir eða kunningjar, þar sem þeir helltu sér yfir mig einfaldlega fyrir að hafa verið að gagnrýna dómsmálaráðherrann fyrir hennar afstöðu í málinu. En við náttúrulega vorum ekki að reyna að gera neitt annað heldur en að bara tryggja í rauninni réttindi barnanna okkar og okkar sjálfra í samfélaginu. En auðvitað vildum við bara ræða það opinskátt og tala hreint út. Og það var líka að breytast líka umræðan á þessum tíma þó hún væri mjög harkaleg. Stjórnámálamenn vildu ekki að það yrði sagt í fjölmiðlum að þeir væru fordómafullir, að þeir væru á móti réttindabaráttu samkynhneigðra, það fannst þeim erfitt að fá að heyra það og það mátti eiginlega ekki segja það í opinberri umræðu en við til dæmis hikuðum ekki við að segja, segja, segja það ef að þingmenn voru að vinna gegn okkar málstað á þinginu. Ja afhverju átti ekki að segja það? Við ætluðum ekki að fara inn í þessa þöggun. [Hlær] Já nú er ég aðeins að hitna.

Aðeins þönk í þessu. Kurteisislegt. Var þetta ekki kurteisislegt? Ég held líka ég hafi alveg verið kurteis gagnvart ritstjórum Morgunblaðsins skiljiði? Það var alveg, nota bæði sko, já og hrósaði þeim mikið sko. En sko, ég veit ekki hvort ég á að segja það sko, jú ég ætla að segja ykkur þið ráðið hvort þið notið það sko, bara sem dæmi sko. Þetta sko, þó að réttindabaráttan væri komin á ákveðinn stað og komin á ákveðinn

skrið þá voru ennþá mjög margar hindranir í veginum. Ég man til dæmis eftir einu sinni þegar ég fór í *Vikulokin* og þar var annar viðmælandinn, var formaður Félags heimilislækna. Ég skutlaði henni nú heim að loknum þætti og þar komst ég að því í þeim bíltúr að hún taldi víst að allir þeir sem væru hommar og ástæðan fyrir því að þeir væru hommar var vegna þess að þeir höfðu verið misnotaðir sem börn. Hún hafði lesið þetta í skáldsögu og sagði mér hver skáldsagan var. Skáldsaga sem að vísu var eftir homma, þekkt skáldsaga en hún fjallaði að vísu um homma sem að hafði verið misnotaður sem að auðvitað getur gerst. En þetta kannski var það sem við vorum að glíma við. Það voru svona í rauninni ranghugmyndir, ekki bara fólks utan í bæ heldur fólks í lykilstöðum í samfélaginu sem réð heilmiklu um það hvernig væri tekið á stöðu samkynhneigðra. Ekki bæði, ekki bara lagalega heldur líka félagslega. Og það er þessi sko, þessar ranghugmyndir sem við þurfum einhvern veginn að glíma við bæði rauninni með góðu og stundum með nokkurri hörku. Ég var alveg í sjokki eftir þetta. Þetta er nákvæmlega á sama tíma.

Það er mjög gaman og gott að sjá að þessi mannréttindabarátta lesbía og homma hafi leitt til þess að fjöldinn allur af fólki getur komið fram og komið út úr skápnunum með ýmsar tegundir og gerðir af hneigðum. Og það skiptir náttúrulega bara miklu máli fyrir alla einstaklinga að vera þeir sjálfir. Það skiptir held ég mestu máli fyrir líðan hvers og eins og líðan bara fólks í, í, í kringum það. En á sama tíma megum við ekki missa sjónar af því og Samtökin '78 mega ekki missa sjónar af því að stór hluti í okkar samfélagi eru einfaldlega í rauninni, ef ég má segja, bara lesbíur og hommar. Og það þarf að huga að stöðu þeirra í samfélaginu. Og börn, unglingar og þeir sem eru í menntaskólanum og háskólanum sem eru lesbíur og hommar, þau þurfa að fá sínar fyrirmyndir úr hópi eldri lesbía og homma. Og það er mjög mikilvægt að Samtökin standi fyrir því að bæði sýna fjölbreytnina en að líka sýna það að stór hluti í okkar samfélagi eru lesbíur og hommar. Ég veit ekki hvernig ég á að orða þetta. Ég veit ekki hvort þú vilt fá eitthvað svona?

Ef þið viljið, við getum alveg tekið þetta sko hérna. Við sjáum ennþá þessa tilhneigingu til þess að stjórna því hvernig fjölskyldu, hvernig fjölskyldur verða til á Íslandi. Einu sinni áttu fjölskyldur bara að samanstanda af karli og konu og börnum. Það var ekki til í hugarheimi fólks að það gæti staðið af tveimur konum og afkvæmum þeirra eða tveimur körlum og börnum, börnum þeirra. Lengi vel máttu konur ekki sem

einstaklingar fara í tæknifrjógvun, þær urðu að vera giftar karlmanni til þess að fá það. Í dag er ennþá verið að stýra fjölskyldumynstrinu, til dæmis með því að banna staðgöngumæðrun. Það að banna staðgöngumæðrun á Íslandi gerir það að verkum að fjöldi homma sem eru í sambúð á í miklu meiri erfiðleikum eða getur ekki eignast börn. Við sjáum allt annað gerast í nágrannalöndum okkar þar sem staðgöngumæðrun er til dæmis leyfð. Fyrir mína parta er hér um ekkert annað en enn og aftur tilraunir valdastofnana og tiltekinna kima samfélagsins að stjórna hvernig fjölskyldur verða til því þessir aðilar hafa einhverja ímynd af því hvernig fjölskyldur eiga að vera og þær skulu vera þannig en ekki öðruvísi.